

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967 um Jarðeignasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Aftan við 4. tölul. 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvilandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættar-óðul og erfðaábúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst.

Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Að undanfögnu hefur á vegum landbúnaðarráðuneytisins verið unnið að athugun á því, hvaða ráðstafanir komi til greina til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru staddir fjárhagslega.

Verkið er unnið í framhaldi af störfum nefndar, sem skipuð var 19. marz 1971 og lauk störfum í septembermánuði s. l.

Við þessar athuganir hefur það orðið niðurstaðan, að hagur nokkurra bænda er þannig kominn, að fyrirgreiðsla í formi lána eða þeirra óafturkræfu framlaga, sem kostur verður gefinn á, leysir ekki fjárhagserfiðleika þeirra.

Samt er talin ástæða til að leita lausnar á vanda þessara bænda, þeirra sjálfra vegna, vegna fólks þeirra og byggðarlaganna, sem þeir sitja í.

Helzt virðist til ráða að gefa bændum þeim, sem hlut eiga að máli, kost á, að ríkissjóður kaupi jarðir þeirra, enda sitji þeir þær áfram, en tryggja þeim jafnframt rétt til að kaupa jarðir sínar aftur, ef fjárhagur þeirra batnar. Fordæmi er fyrir, að Alþingi hafi veitt hliðstæða heimild áður með lögum nr. 92 23. júní 1936.

Tekið skal fram, að löggin um Jarðeignasjóð, auk laga um ábúð jarða og fleiri laga, er varða landbúnað og búsetu í dreifbýli, eru nú í endurskoðun.

Hugmynd þeirrar nefndar, sem að því verki vinnur, er, í samráði við landbúnaðarráðherra, að gera tillögur um, að heimild ríkissjóðs til jarðakaupa verði rýmkuð, en þess er ekki að vænta, að tillögur í frumvarpsformi þar að lútandi verði tilbúnar fyrr en á árinu 1972.

Vandamál þeirra bænda, sem verst eru staddir, þola ekki að bíða eftir endanlegri afgreiðslu á þeim tillögum.

Þess vegna er lagafrumvarp þetta flutt sem breyting við lög nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð ríkisins, þannig að ríkissjóði verði nú þegar veitt rýmkuð heimild til jarðakaupa.

*Athugasemdir við einstakar greinar.*

1. og 3. gr. þurfa ekki frekari skýringa við umfram það, sem að framan segir.

Um 2. gr.

Skv. 4. gr. laganna, eins og þau nú eru, er skylt að láta meta hverja jörð, sem Jarðeignasjóður kaupir.

Rétt þykir að heimila, að kaupum megi ljúka, án þess að jarðirnar séu metnar skv. núgildandi fyrirmælum. Getur slíkt orðið til flýttisauka við afgreiðslu á kaupum og sparnaðar.